

# Skýringar með tillögum laganefndar 2014-2015



Tillaga þessi er niðurstaða vinnu milliþinganefndar um lagamál (laganefnd) sem Skátaping 2014 fól að fara yfir lög BÍS og lagafrumvarp stjórnar BÍS.

Nefndin samþykkti að leggja til það vinnulag við afgreiðslu þessa máls á Skátapingi 2015 að í byrjun þings verði greidd atkvæði um „Stóru málin“ þ.e. þau atriði sem nefndinni sýndist að mestur ágreiningur gæti verið um og í framhaldinu myndi nefndin vinna endanlega tillögu að lögum BÍS sem síðan fengi umfjöllun og afgreiðslu síðar á þinginu.

Sú tillaga sem hér er kynnt er sett upp miðað við að allar tillögur nefndarinnar verði samþykktar, en reynt er að útskýra annars vegar í hverju breytingar frá núgildandi lögum eru fólgnar og einnig hvað muni breytast ef einhverjar af tillögum nefndarinnar fá ekki brautargengi.

Hér er farið yfir efni tillögunnar grein fyrir grein og allaf vísað í greinar núgildandi laga.

## Um BÍS

Núgildandi lög BÍS, frá 2013	Tillaga laganefndar 2015:	Skýringar:
<b>1. grein</b> Landssamtök skáta á Íslandi heita Bandalag íslenskra skáta, skammstafað BÍS.  Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.	<b>1. grein</b> Landssamtök skáta á Íslandi heita Bandalag íslenskra skáta, skammstafað BÍS.  Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.	Þessi grein er óbreytt frá núgildandi lögum.

**2. grein**

Bandalag íslenskra skáta er bandalag skátafélaga á Íslandi, aðild einstakra skáta að BÍŚ byggist á aðild þeirra að skátafélagi sem er aðili að BÍŚ.

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa undir kjörorðinu „Ávallt viðbúinn“. Sama á við um hópa og samtök sem starfa í nafni skáta.

Aukaaðild að BÍŚ geta fengið hópar sem vilja vinna að framgangi skátastarfs á Íslandi.

Allir geta gerst styrktaraðilar BÍŚ.

**10. grein**

BÍŚ starfar í tengslum við Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landsgildi St. Georgsgildanna á Íslandi og önnur félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna.

**11. grein**

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfi í skátaheiti og skátalögum. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍŚ, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra. Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir reglubundnu skátastarfi fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna. Lög Bandalags íslenskra skáta - 2013

Öll skátafélög eiga jafnan rétt til þeirrar þjónustu sem BÍŚ getur látið í té.

**19. grein**

Skátahópar og hópar fólks sem vilja vinna að framgangi skátahugsjónarinnar og starfa eftir þeim meginreglum sem Baden-Powell setti skátastarfi í skátaheiti og skátalögum, geta sótt um aukaaðild að Bandalagi íslenskra skáta. Ekki eru gerðar sömu formkröfur til starfsemi slíkra hópa og gerðar eru til skátafélaga. Einu kröfur BÍŚ eru þær að félagatal og upplýsingar um tengilið berist skrifstofu fyrir 1. mars ár hvert. Skátahópar sem hafa aukaaðild að BÍŚ eiga rétt á þeirri þjónustu sem BÍŚ getur látið í té, þó þannig að það skerði ekki þjónustu BÍŚ við skátafélög með fulla aðild. Félagar þeirra hópa sem hafa aukaaðild að BÍŚ eiga seturétt á Skátapingi með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar.

**2. grein**

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa undir kjörorðinu „Ávallt viðbúinn“.

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

**Aðild A** Skátafélög með starf fyrir - og féлага á aldrinum 7-22 ára.

**Aðild B** Skátafélög sem stuðla að skátastarfi, með féлага sem flestir eru eldri en 23ja ára.

**Aðild C** Félög skáta sem vilja halda tengslum við BÍŚ með féлага sem flestir eru eldri en 23ja ára.

**Aðild D** Skátar með beina aðild að BÍŚ.

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍŚ:

Félagsaðild:	A	B	C	D
Þjónusta BÍŚ:	forg	já	ef unnt er	
Þátt.rétt viðb:	forg	já	ef unnt er	
Atkv. á Skátap.	4	1	0	0
Félagsgj til BÍŚ	já	já	nei	já

BÍŚ starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍŚ og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Þessi grein er verulega breytt. Hér eru kynntar 4 tegundir aðildar að BÍŚ. Þá hefur 10. grein núgildandi laga verið umorðuð og sameinuð þessari grein. Þessi grein snertir greinar 2, 11, 19 og 24 í núgildandi lögum.

Verði þessi grein samþykkt þarf einnig að samþykkja reglugerð um félagsaðild, en tillaga að texta hennar liggur fyrir þinginu.

Skátaping getur ákveðið að breyta ekki ákvæðum laga BÍŚ um aðild og í framhaldinu að setja ekki reglugerð um félagsaðild. Þá mun innihald ofangreindra greina núgildandi laga færast inn í tillögu laganeftndar eftir því sem við á.

Þá er gerð tillaga um að fella út úr lögum nöfn tveggja samtaka, Landsbjörg og Landsgildi St. Georgsgildanna.

Til þess að koma upplýsingum um réttindi og skyldur fyrir í mjóum dálki er notaður styttr texti. Textann í heild sinni má finna í skjalinu þar sem löggin eru án skýringa.

## 24. grein

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétti:

Fulltrúar skátafélaga fara með 4 atkvæði þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátapingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátapingi, nema um lagabreytingu sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétti:

1. Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
2. Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS.
3. Allir starfandi skátar.
4. Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátapings.

Ef félagseiningar, tvær eða fleiri, sameinast skulu þær á næsta Skátapingi þar á eftir halda atkvæðisrétti eins og þær hefðu ekki sameinast.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélags, skal afhenda við upphaf Skátapings.

## 25. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátapings og niðurröðun dagskrárlíða.

Í upphafi Skátapings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátapings. Einnig skal kosið í 3 manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátapings.
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
  - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 23. grein.
  - Kosning stjórnar samkvæmt 27. grein.
  - Kosning fastaráða samkvæmt 30. grein.
  - Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 31. grein.
  - Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 31. grein.
  - Kosning í Skátarétt samkvæmt 33. grein.
  - Kosning eins fulltrúa í Úlfjótsvatnsráð
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál.
- Þingslit.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 3. grein

Merki BÍS er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði. Stjórn BÍS setur reglugerð um nánari útfærslu og notkun á merki BÍS og öðrum einkennum skáta.

### Tillaga laganefndar 2015:

#### 3. grein

Merki BÍS er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði. Stjórn BÍS setur reglugerð um nánari útfærslu og notkun á merki BÍS og öðrum einkennum skáta.

Orðið og orðmyndin skáti er skráð vörumerki skátahreyfingarinnar á Íslandi. Eingöngu viðurkennir aðilar af hálfu BÍS, að viðlagðri ábyrgð, hafa heimild til að nota orðmerkið „SKÁTI“ og/eða orðmyndanir dregnar af orðmerkinu. Það sama á við um við- og/eða forskeyti á hverju sem er, s.s. í nafni á félagi eða samtökum, á vörum, á fatnaði og í auglýsingum. Það sama gildir um öll önnur einkenni skáta.

### Skýringar:

Þessi grein núgildandi laga er óbreytt í tillögunni, en við hana er bætt takmörkunum á notkun orðsins skáti og orðmynda þess. Ástæður þessarar tillögu eru þessar:

- Ráðgjöf frá lögmanni BÍS
- Ráðgjöf frá Einkaleyfisstofu

**4. grein**

Íslenska skátaheitið er svohljóðandi:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess;  
að gera skyldu mína við guð og ættjörðina,  
að hjálpa öðrum  
og að halda skátalögin.

**5. grein**

Íslensku skátalöggin eru svohljóðandi:

1. Skáti er hjálpsamur
2. Skáti er glaðvær
3. Skáti er traustur
4. Skáti er náttúruvinur
5. Skáti er tillitsamur
6. Skáti er heiðarlegur
7. Skáti er samvinnufús
8. Skáti er nýttinn
9. Skáti er réttisýnn
10. Skáti er sjálfstæður

**6. grein**

Markmið skátastarfs er að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

Því markmiði hyggst BÍS m.a. ná með:

- Hópvinnu til að þroska tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrgð, stjórnunarhæfileika og lýðræðisvitund
- Útilífi til að efla líkamsþrek og vekja áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana.
- Viðfangsefnum af ýmsu tagi til að kenna skátum ýmis nytsöm störf, sjálfum þeim og öðrum til heilla.
- Þátttöku í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar til að gefa skátum tækifæri til að kynnast ungu fólki öðrum löndum, háttum þess og menningu.

**8. grein**

Skátastarf miðast við þarfir allra einstaklinga að svo miklu leyti sem aðstæður hvers skátafélags leyfa.

BÍS virðir sérhverja lífsskoðun sem samræmist skátaheitinu og skátalögnum. Í skátastarfi og við inngöngu nýliða skal virða og engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis, kynhneigðar eða annarra ástæðna.

BÍS starfar sjálfstætt og hafnar öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga.

BÍS og skátafélög eru hlutlaus í stjórnmalum.

Hverjum einstökum skáta er frjálst að taka að vild þátt í stjórnála- og atvinnustarfsemi enda láti hann hvorki stjórnmalaskoðanir sínar né störf hafa áhrif á skátastarf sitt.

**4. grein**

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta mynda sameiginlega grundvöll skátastarfs á Íslandi og skilgreina þannig sérstöðu þess. Þau eru sá grunnur sem Bandalag íslenskra skáta og öll skátafélög á Íslandi starfa eftir. Grunngildi BÍS eru samþykkt af Skátapingi.

Hér kemur ný grein sem fjallar um Grunngildi BÍS, sem eru sérstakur lagabálkur. Greinar 4, 5, 6 og 8 í núgildandi lögum flytjast yfir í Grunngildi BÍS. Rétt er að taka fram að ekki færast allt orðrétt á milli.

Rétt er að taka einnig fram að nefndin ákvað að ræða ekki orðalag íslenska skátaheitsins á fundum sínum. Samþykki þetta Skátaping breytingar á skátaheitinu mun sú breyting verða hluti af lokatillögu laganeftndar.

Verði niðurstaða Skátapings sú að setja ekki sérstakan lagabálk um Grunngildi BÍS mun innihald ofangreindra greina núgildandi laga færast inn í tillögu laganeftndar eftir því sem við á.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

Í samræmi við tilgang sinn og markmið vill Bandalag íslenskra skáta stuðla að friði meðal manna og þjóða, leggja lið aðgerðum í þágu málefna barna, friðar og jafnréttis og leggur áherslu á að skátar beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

### Tillaga laganevndar 2015:

### Skýringar:

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 7. grein

Hlutverk Bandalags íslenskra skáta er að vinna að eflingu skátastarfs á Íslandi. Hlutverk sitt rækir BÍŚ m.a. með því að:

- Standa vörð um sjálfstæði BÍŚ sem frjálsra og óháðra félagasamtaka.
- Styðja við og efla starf skátafélaganna í landinu.
- Stuðla að gerð dagskrárefnis til notkunar í skátastarfi, er taki mið af grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.
- Stuðla að þjálfun skátaforingja með skipulagningu námskeiða, er taki mið af grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.
- Annast samstarf um málefni skáta við ríkisvaldið og önnur félagasamtök.
- Vera fulltrúi íslenskra skáta á alþjóðavettvangi skáta.
- Kynna skátastarf og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta fyrir almenningi.
- Mynda, skipuleggja og leiða sendinefndir Íslands á alþjóðlegum skátaviðburðum sem haldnir eru á vegum WAGGGS og WOSM.
- Afla tekna er gera BÍŚ kleift að halda fullu fjárhagslegu sjálfstæði.
- Auka stuðning fullorðinna einstaklinga við skátastarf.
- Gera sem flestum börnum og ungmennum kleift að stunda skátastarf.

#### 5. grein

Hlutverk Bandalags íslenskra skáta er að vinna að eflingu skátastarfs á Íslandi. Hlutverk sitt rækir BÍŚ m.a. með því að:

- Standa vörð um sjálfstæði BÍŚ sem frjálsra og óháðra félagasamtaka.
- Styðja við og efla starf skátafélaganna í landinu.
- Stuðla að gerð dagskrárefnis til notkunar í skátastarfi, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.
- Stuðla að þjálfun skátaforingja með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.
- Standa fyrir dagskrárviðburðum fyrir skáta.
- Annast samstarf um málefni skáta við ríkisvaldið og önnur félagasamtök.
- Vera fulltrúi íslenskra skáta á alþjóðavettvangi skáta.
- Kynna skátastarf og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta fyrir almenningi.
- Mynda, skipuleggja og leiða sendinefndir Íslands á alþjóðlegum skátaviðburðum sem haldnir eru á vegum WAGGGS og WOSM.
- Afla tekna er gera BÍŚ kleift að halda fullu fjárhagslegu sjálfstæði.
- Auka stuðning fullorðinna einstaklinga við skátastarf.
- Gera sem flestum börnum og ungmennum kleift að stunda skátastarf.

Þessi grein er samhljóða 7. grein núgildandi laga að öðru leiti en því að

1. Rætt er um Grunnildi í stað grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta
2. Bætt er við punktinum „Standa fyrir dagskrárviðburðum fyrir skáta“

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 9. grein

BÍŚ er aðili að alþjóðabandalagi skáta, WOSM, og alþjóðabandalagi kvenskáta, WAGGGS. BÍŚ kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart erlendum skátabandalögum.

### Tillaga laganevndar 2015:

#### 6. grein

BÍŚ er aðili að alþjóðabandalagi skáta, WOSM, og alþjóðabandalagi kvenskáta, WAGGGS. BÍŚ kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart erlendum skátabandalögum.

### Skýringar:

Þessi grein er samhljóða 9. grein núgildandi laga.

## Skátafélög og skátahópar

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 11. grein

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfi í skátaheiti og skátalögum. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍS, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir reglubundnu skátastarfi fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

Öll skátafélög eiga jafnan rétt til þeirrar þjónustu sem BÍS getur látið í té.

#### 13. grein

Stjórn BÍS skal aðstoða og leiðbeina þeim sem stofna vilja nýtt skátafélag, eða endurvekja gamalt, svo sem kostur er.

Stofnun skátafélags, nafn þess, lög og merki, er háð samþykki stjórnar BÍS, enda séu lög hins nýja félags í samræmi við lög og reglugerðir BÍS og landslög.

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega samþykkt á Skátaþingi.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 7. grein

Stjórn BÍS skal aðstoða og leiðbeina þeim sem stofna vilja nýtt skátafélag, eða endurvekja gamalt, svo sem kostur er.

Stofnun skátafélags, nafn þess, lög og merki, er háð samþykki stjórnar BÍS, enda séu lög hins nýja félags í samræmi við Grunnildir, lög og reglugerðir BÍS og landslög.

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega samþykkt á Skátaþingi og öðlast hún gildi í lok þess þings.

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir Grunnildum BÍS og þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfi og alþjóðasamtök skáta hafa staðfest. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍS, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir og/eða styðja við reglubundið skátastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-22 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

### Skýringar:

Greinin er samsett úr greinum 11 og 13 í núgildandi lögum með lítilsháttar orðalagsbreytingum. Þó er rétt að taka fram að síðasta málsgrein greinarinnar mun taka mið af niðurstöðu Skátaþings varðandi uppbyggingu aðildar að BÍS. Sömu leiðis eru Grunnildir BÍS nefnd í 4. málsgrein, en Skátaþing á eftir að taka afstöðu til þeirra.

Tilvísunin í þjónustu BÍS við skátafélög er felld út enda er gert ráð fyrir að aðildin breytist í A, B, C og D aðild með mismunandi þjónustustig.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 12. grein

Skátafélögum er heimilt að mynda með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur og málsvari skátafélaga í sameiginlegum málum, m.a. gagnvart BÍS og sveitarfélögum. Að öðru leiti setja skátasambönd sér starfsreglur í samræmi við lög BÍS.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 8. grein

Skátafélögum er heimilt að mynda með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur og málsvari skátafélaga í sameiginlegum málum. Skátasambönd setja sér starfsreglur í samræmi við lög BÍS.

### Skýringar:

Þessi grein er efnislega samhljóða 12. grein núgildandi laga en örlítið stytta.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 14. grein

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 9. grein

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

### Skýringar:

Þessi grein er samhljóða 14. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 15. grein

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum. Skátafélög skulu fyrir 15. mars árlega standa skil á eftirtöldu til skrifstofu BÍS:

- félagsgjöldum,
- félagatali skv. nánari útfærslu í reglugerð,
- starfsáætlun næsta árs,
- gildandi lögum,
- ársreikningum,
- ársskýrslu.

Að uppfylltum þessum skilyrðum öðlast skátafélag rétt til þjónustu BÍS og atkvæðis étt á Skátapingi.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 10. grein

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Skátafélög skulu fyrir 1. mars árlega standa skil á gögnum og gjöldum til skrifstofu BÍS:

Félagsgerð	A	B	C	D
Félagatal	já	já	já	já
Árskýrsla	já	já	nei	nei
Gildandi lög	já	já	nei	nei
Starfsáætlun	já	já	nei	nei
Ársreikningar	já	já	nei	nei
Sakaskrárheimild	já	já	nei	nei

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunnilda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjáls félagasamtök

### Skýringar:

Þessi grein er að stofni til samhljóða 15. grein núgildandi laga. Þó hefur verið gerð sú breyting að skiladagur gagna til BÍS er nú 1. mars en var 15. mars áður.

Til þess að koma upplýsingum um skil gagna fyrir í mjóum dálki er notaður stytur texti. Textann í heild sinni má finna í skjalinu þar sem lögin eru án skýringa.



### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 16. grein

Í eftirfarandi tilvikum getur stjórn BÍS boðað til aðalfundar skátafélags samkvæmt lögum þess og/eða vikið félagsstjórn þess frá störfum og skipað félaginu umsjónaraðila þar til kosin hefur verið ný stjórn og valinn nýr félagsforingi:

- Aðalfundur, löglegur og skráður samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki verið haldinn í 18 mánuði.
- Ársreikningar félagsins, endurskoðaðir og áritaðir af tilskildum aðilum, hafa ekki verið lagðir fram og samþykktir í 18 mánuði.
- Lágmarksstjórn félagsins, löglega kjörin samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki haldið skráðan stjórnarfund í að minnsta kosti 6 mánuði.
- Félagsstjórn fer ekki eftir ákvæðum 15. greinar laga BÍS, eða að starfssemi félagsins samrýmist ekki markmiðum skátastarfs, lögum BÍS og/eða landslögum.

Sé skátafélag óvirkt um lengri eða skemmri tíma, þrátt fyrir tilraunir stjórnar BÍS til að efla starf þess, skal stjórn BÍS ráðstafa eignum félagsins samkvæmt lögum þess og í samráði við heimamenn.

### Tillaga laganefndar 2015:

#### 11. grein

Í eftirfarandi tilvikum getur stjórn BÍS boðað til aðalfundar skátafélags samkvæmt lögum þess og/eða vikið félagsstjórn þess frá störfum og skipað félaginu umsjónaraðila þar til kosin hefur verið ný stjórn og valinn nýr félagsforingi:

- Aðalfundur, löglegur og skráður samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki verið haldinn í 18 mánuði.
- Ársreikningar félagsins, endurskoðaðir og áritaðir af tilskildum aðilum, hafa ekki verið lagðir fram og samþykktir í 18 mánuði.
- Lágmarksstjórn félagsins, löglega kjörin samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki haldið skráðan stjórnarfund í að minnsta kosti 6 mánuði.
- Félagsstjórn fer ekki eftir ákvæðum 10. greinar laga BÍS, eða að starfssemi félagsins samrýmist ekki Grunnildum BÍS, lögum BÍS og/eða landslögum.

Sé skátafélag óvirkt um lengri eða skemmri tíma, þrátt fyrir tilraunir stjórnar BÍS til að efla starf þess, skal stjórn BÍS ráðstafa eignum félagsins samkvæmt lögum þess og í samráði við heimamenn.

### Skýringar:

Þessi grein er samhljóða 16. grein núgildandi laga nema að vitnað er í grunnildi BÍS í stað markmiða skátastarfs.

Skátaþing á eftir að afgreiða tillögu um Grunnildi BÍS og getur þessi grein því tekið breytingum.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 17. grein

Gerist skátafélag eða stjórn þess sek um brot á lögum þessum er Skátaþingi heimilt að víkja félaginu úr Bandalagi íslenskra skáta, að því tilskyldu að 2/3 hlutar þingfulltrúa greiði því atkvæði.

Úrsögn skátafélags úr BÍS er því aðeins gild að hún hafi verið samþykkt á lögætum aðalfundi þess og að stjórn BÍS og stjórn viðkomandi skátafélags hafi verið tilkynnt með minnst tveggja mánaða fyrirvara að tillaga um úrsögn komi til afgreiðslu á fundinum.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess reikningsárs félagsins er hún hlýtur samþykki.

Skátafélag, sem vikið hefur verið úr BÍS, eða hefur sagt sig úr því, á ekki tilkall til sjóða BÍS eða annarra eigna, en heimilt er að veita því aðild að nýju.

### Tillaga laganefndar 2015:

#### 12. grein

Gerist skátafélag eða stjórn þess sek um brot á lögum þessum er Skátaþingi heimilt að víkja félaginu úr Bandalagi íslenskra skáta, að því tilskyldu að 2/3 hlutar þingfulltrúa greiði því atkvæði.

Úrsögn skátafélags úr BÍS er því aðeins gild að hún hafi verið samþykkt á lögætum aðalfundi þess og að stjórn BÍS og stjórn viðkomandi skátafélags hafi verið tilkynnt með minnst tveggja mánaða fyrirvara að tillaga um úrsögn komi til afgreiðslu á fundinum.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess reikningsárs félagsins er hún hlýtur samþykki.

Skátafélag, sem vikið hefur verið úr BÍS, eða hefur sagt sig úr því, á ekki tilkall til sjóða BÍS eða annarra eigna, en heimilt er að veita því aðild að nýju.

### Skýringar:

Þessi grein er samhljóða 17. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

#### 18. grein

Skátaforingur er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja. Hver skátaforingur ber ábyrgð gagnvart foringja sínum á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við skátaheitið, skátalögin, landslög, lög og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.

Félagsforingur ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

### Tillaga laganevndar 2015:

#### 13. grein

Skátaforingur er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja. Hver skátaforingur ber ábyrgð gagnvart foringja sínum á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunnildi BÍS og lög BÍS.

Félagsforingur ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

Störf sjálfbóðaliða í skátastarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma.

### Skýringar:

Þessi grein er að stofni til samhljóða 18. grein núgildandi laga. Örlítil breyting er gerð í lok fyrri málsgreinarinnar þar sem talað er um Grunnildi BÍS þá er bætt við ákvæði um störf sjálfbóðaliða.

Skátaþing á eftir að afgreiða tillögu um Grunnildi BÍS og getur þessi grein því tekið breytingum.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

### Tillaga laganevndar 2015:

### Skýringar:

#### 14. grein

Allir lögráðastarfarandi skátar og sjálfbóðaliðar í starfi skátahreyfingarinnar skulu undirrita yfirlýsingu sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins hvort viðkomandi hefur hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum.

Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni ef þeir brjóta gegn landslögum eða Grunnildum BÍS.

Hér er ný grein sett til þess að stuðla að auknu öryggi barna í skátastarfi og veita stjórn BÍS skýra heimild til þess að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni.

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

### Tillaga laganevndar 2015:

### Skýringar:

#### 20. grein

Stjórn BÍS skal a.m.k. árlega boða til félagsforingjafundar. Fundinn skal að jafnaði halda á tímabilinu ágúst til október. Félagforingjafundur er vettvangur umræðna um þau mál sem snerta skátastarfið í landinu. Félagforingjafundur er ráðgefandi samkoma.

#### 15. grein

Stjórn BÍS skal a.m.k. árlega boða til félagsforingjafundar. Félagforingjafundur er vettvangur umræðna um þau mál sem snerta skátastarfið í landinu. Félagforingjafundur er ráðgefandi samkoma.

Greinin er að stofni til samhljóða 20. grein. Þó er ekki lengur ákvæði um það á hvað tímabili ársins fundurinn skuli haldinn.

## Skátaþing

### Núgildandi lög BÍS, frá 2013

### Tillaga laganevndar 2015:

### Skýringar:

#### 21. grein

Skátaþing fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátaþings skal boða með minnst 42 daga (6 vikna) fyrirvara.

Í fundarboði skal tilgreina til hvaða starfa skal kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Aukþing skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða það með minnst 15 daga fyrirvara.

Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

#### 16. grein

Skátaþing fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátaþings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal tilgreina til hvaða starfa skal kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Aukþing skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara.

Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

Greinin er samhljóða 21. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 22. grein

Minnst 28 dögum (4 vikum) fyrir Skátáþing skulu tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn BÍŚ.

Minnst 21 degi (3 vikum) fyrir Skátáþing skulu beiðnir um upptöku tiltekinna mála, sem þarfnast afgreiðslu og/eða umræðu á Skátáþingi, hafa borist stjórn BÍŚ.

Tillögur um mál sem til umfjöllunar eru á þinginu, samkvæmt útsendri dagskrá, geta komið fram á þinginu sjálfu.

Minnst 14 dögum (2 vikum) fyrir Skátáþing skal stjórn BÍŚ senda félagsforingjum eftirfarandi:

- Drög að dagskrá Skátáþings.
- Drög að skýrslu stjórnar.
- Drög að ársreikningi.
- Fjárhagsáætlun og tillögu að árgjaldi skátafélaga til BÍŚ.
- Drög að starfsáætlun BÍŚ til fimm ára.
- Tillögur til lagabreytinga.
- Tillögur frá skátafélögum, stjórn BÍŚ, ráðum þess og nefndum.
- Kynningu á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu.

Athugasemdir við útsend gögn skulu berast skrifstofu BÍŚ eigi síðar en 7 dögum (1 viku) fyrir Skátáþing.

Þátttökutilkynningar allra þingfulltrúa og gesta skulu berast til skrifstofu BÍŚ minnst 4 dögum fyrir Skátáþing.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 17. grein

Minnst 4 vikum fyrir Skátáþing skulu tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn BÍŚ.

Minnst 3 vikum fyrir Skátáþing skulu beiðnir um upptöku tiltekinna mála, sem þarfnast afgreiðslu og/eða umræðu á Skátáþingi, hafa borist stjórn BÍŚ.

Tillögur um mál sem til umfjöllunar eru á þinginu, samkvæmt útsendri dagskrá, geta komið fram á þinginu sjálfu.

Minnst 2 vikum fyrir Skátáþing skal stjórn BÍŚ senda félagsforingjum og kynna eftirfarandi:

- Drög að dagskrá Skátáþings.
- Drög að skýrslu stjórnar.
- Drög að ársreikningi.
- Fjárhagsáætlun og tillögu að félagsgjaldi skáta til BÍŚ.
- Drög að starfsáætlun BÍŚ til fimm ára.
- Tillögur til lagabreytinga.
- Tillögur frá skátum, skátafélögum, stjórn BÍŚ, ráðum þess og nefndum.
- Kynningu á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu.

Athugasemdir við útsend gögn skulu berast skrifstofu BÍŚ eigi síðar en 1 viku fyrir Skátáþing.

Þátttökutilkynningar allra þingfulltrúa og gesta skulu berast til skrifstofu BÍŚ minnst 1 viku fyrir Skátáþing.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 22. grein núgildandi laga nema að fjölda daga í fyrirvörum er sleppt og miðað við vikur eingöngu.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 23. grein

Á vegum BÍŚ skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátáþingi. Tveir skulu kosnir annað hvert ár en þrír hitt árið, til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 23. grein, 25. grein, 27. grein, 30. grein, 31. grein og 33. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍŚ. Framboð til áður nefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 21 degi (3 vikum) fyrir Skátáþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátáþings.

Stjórn BÍŚ skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 56 dögum (8 vikum) fyrir Skátáþing.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 18. grein

Á vegum BÍŚ skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátáþingi. Tveir skulu kosnir annað hvert ár en þrír hitt árið, til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 21. grein, 25. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍŚ. Framboð til áður nefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátáþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátáþings.

Stjórn BÍŚ skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 15. janúar.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 23. grein núgildandi laga.

**24. grein**

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

## A) Með atkvæðisrétti:

Fulltrúar skátafélaga fara með 4 atkvæði þar af skal eitt atkvæði bundið félagsfóringja eða aðstoðarfélagsfóringja í hans stað.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um lagabreytingu sé að ræða.

## B) Með málfrelsi og tillögurétti:

1. Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
2. Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS.
3. Allir starfandi skátar.
4. Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings.

Ef félagseiningar, tvær eða fleiri, sameinast skulu þær á næsta Skátaþingi þar á eftir halda atkvæðisrétti eins og þær hefðu ekki sameinast.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags undirritað af félagsfóringja eða stjórnarmanni skátafélags, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

**19. grein**

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

## A) Með atkvæðisrétti:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði þar af skal eitt atkvæði bundið félagsfóringja eða aðstoðarfélagsfóringja í hans stað.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera lögráða.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um lagabreytingu sé að ræða.

## B) Með málfrelsi og tillögurétti:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS.
- Allir starfandi skátar (með aðild C og D)
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings.

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsfóringja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Greinin er að stofni til samhljóða 24. grein núgildandi laga. Fjarlæggt hefur verið ákvæði um atkvæði sameinaðra félaga. Einnig hefur verið bætt inn ákvæði um niðurfellingu atkvæða skátafélaga með aðild B fari atkvæðamagn skátafélaga með aðild A niður fyrir 51%. Þá ber að hafa í huga að ákvæði um atkvæði miðast við tillögu laganeftndar um aðild að BÍS sem Skátaþing á eftir að taka afstöðu til og getur því tekið breytingum.

Ef tillaga laganeftndar um aðild fær ekki brautargengi mun þessi grein taka mið af því.

## Núgildandi lög BÍS, frá 2013

### 25. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í 3 manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings.
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
  - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 23. grein.
  - Kosning stjórnar samkvæmt 27. grein.
  - Kosning fastaráða samkvæmt 30. grein.
  - Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 31. grein.
  - Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 31. grein.
  - Kosning í Skátarétt samkvæmt 33. grein.
  - Kosning eins fulltrúa í Úlfjótsvatnsráð
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál.
- Þingslit.

## Tillaga laganefndar 2015:

### 20. grein

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í 3 manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Ef ágreiningur er innan þingnefndar við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefndar endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings.
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir.
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta kynnt, rædd og afgreidd.
- Tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS kynnt, rædd og afgreidd.
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun.
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar.
  - Kosning uppstillingarnefndar samkvæmt 18. grein.
  - Kosning stjórnar samkvæmt 21. grein.
  - Kosning fastaráða samkvæmt 25. grein.
  - Kosning löggilts endurskoðanda samkvæmt 26. grein.
  - Kosning félagslegs skoðunarmanns samkvæmt 26. grein.
  - Kosning í Skátarétt samkvæmt 28. grein.
  - Kosning eins fulltrúa í Úlfjótsvatnsráð
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál.
- Þingslit.

## Skýringar:

Greinin er samhljóða 25. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍŠ, frá 2013

#### 26. grein

Stjórn BÍŠ stýrir starfsemi BÍŠ milli Skátapínga í umboði þess. Stjórn BÍŠ skal skipuð átta skátum, skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja, gjaldkera og formönnum fastaráða BÍŠ. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátahöfðingja.

Fundargerðir stjórnar BÍŠ skulu birtar á heimasíðu BÍŠ.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍŠ.

### Tillaga laganeftdar 2015:

#### 21. grein

Stjórn BÍŠ stýrir starfsemi BÍŠ milli Skátapínga í umboði þess. Stjórn BÍŠ skal skipuð átta skátum, skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja, gjaldkera og formönnum fastaráða BÍŠ. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði skátahöfðingja.

Fundargerðir stjórnar BÍŠ skulu birtar á heimasíðu BÍŠ.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍŠ.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 26. grein núgildandi laga.

## Stjórn BÍŠ

### Núgildandi lög BÍŠ, frá 2013

#### 27. grein

Skátapíng kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn að undanskildum formanni ungmennaráðs sem kosinn er til eins árs. Formaður ungmennaráðs skal hafa náð 18 ára aldri en ekki vera eldri en 25 ára.

Árleg kosning í stjórn á Skátapíngi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingji og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingji og formaður upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formaður ungmennaráðs skal kosinn árlega.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabili í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátapíngi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

### Tillaga laganeftdar 2015:

#### 22. grein

Skátapíng kýs stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Formaður ungmennaráðs skal ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Árleg kosning í stjórn á Skátapíngi skal vera sem hér segir:

- Skátahöfðingji og gjaldkeri skulu kjörnir sama árið.
- Aðstoðarskátahöfðingji og formenn ungmennaráðs og upplýsingaráðs skulu kjörnir sama árið.
- Formenn alþjóðaráðs, dagskráráðs og fræðsluráðs skulu kjörnir sama árið.

Við kosningu aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að a.m.k. annarhvor þessara stjórnarmanna sé af gagnstæðu kyni við skátahöfðingja.

Stjórnarmenn mega ekki gegna sama starfi innan stjórnar lengur en þrjú kjörtímabili í röð. Hverfi stjórnarmaður frá störfum á kjörtímabili, skal kjósa í embættið á næsta Skátapíngi. Kjörtímabil viðkomandi er þar til næst á að kjósa í embættið samkvæmt lögum þessum.

### Skýringar:

Greinin er að stofni til samhljóða 27. grein núgildandi laga. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar. Formaður ungmennaráðs skal kosinn til þriggja ára eins og formenn annarra fastaráða og lagt til að hann sé kjörinn á sama þíngi og aðstoðarskátahöfðingji og formaður upplýsingaráðs. Þá er bætt inn ákvæði um kjörgengi

Þar sem Skátapíng á eftir að taka afstöðu til ólíkra tillagna um uppbyggingu stjórnar BÍŠ mun tillaga laganeftdar taka tillit til þeirrar niðurstöðu hvað varðar greinar 22, 23 og 25 í þessari tillögu.

**28. grein**

Starfssvið stjórnarmanna er sem hér segir :

- Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu. Skátahöfðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsforingja, að undangenginni kosningu á aðalfundum viðkomandi félaga. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahöfðingjarnir tveir, skátahöfðingi stúlkna og skátahöfðingi drengja, og skipta skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi eða formaður alþjóðaráðs þessum verkefnum milli sín eftir því sem við á.
- Aðstoðarskátahöfðingi er staðgengill skátahöfðingja og honum til aðstoðar. Aðstoðarskátahöfðingi ber m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu, á fundargerðum stjórnar BÍS og Skátapinga, skráningu skátafélaga, félagaskrá BÍS og samantekt á félagatali BÍS.
- Gjaldkeri er formaður fjármálaráðs og ber m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerðar o.þ.h.
- Formaður alþjóðaráðs ber m.a. ábyrgð á samskiptum við alþjóðasamtök skáta, WOSM og WAGGGS, erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Formaður dagskráráðs, ber m.a. ábyrgð á allri skátadagskrá BÍS, hefur umsjón með útgáfu og endurskoðun verkefna og annarra gagna er varða skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra viðburða á vegum BÍS.
- Formaður fræðsluráðs, ber m.a. ábyrgð á fræðslustarfi BÍS, þ.m.t. gerð námsskrár og framkvæmd námskeiða.
- Formaður upplýsingaráðs ber m.a. ábyrgð á samskiptum stjórnar BÍS við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila, sem og umsjón með útbreiðslu skátastarfs á landinu og almennatengslum.
- Formaður ungmennaráðs ber m.a. ábyrgð á starfi ungmennaráðs og þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.

Sameiginlega ber stjórn BÍS, ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við skátaheitið, skátalögin, landslög, lög og grundvallarstefnu Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.

**23. grein**

Starfssvið stjórnarmanna er sem hér segir :

- Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu. Skátahöfðingi deilir verkefnum með stjórninni að því leyti sem það er ekki gert í lögum þessum. Hann stjórnar fundum stjórnar BÍS og skipar félagsforingja, að undangenginni kosningu á aðalfundum viðkomandi félags. Í samskiptum við erlend samtök skáta teljast skátahöfðingjarnir tveir, skátahöfðingi milli sín eftir því sem við á.
- Aðstoðarskátahöfðingi er staðgengill skátahöfðingja og formaður félagsmálaráðs. Aðstoðarskátahöfðingi ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á tengslum stjórnarinnar við skátafélögin í landinu og þjónustu við félagsstjórnir, s.s. varðandi stefnumótun, samskipti við opinbera aðila og almennan rekstur skátafélaga. Einnig ber hann ábyrgð á fundargerðum stjórnar BÍS og Skátapinga og félagatali BÍS.
- Gjaldkeri er formaður fjármálaráðs og ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á stúlkna og skátahöfðingi drengja, og skipta skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi eða formaður alþjóðaráðs þessum verkefnum fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerð o.þ.h.
- Formaður alþjóðaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum við alþjóðasamtök skáta, WOSM og WAGGGS, erlend skátabandalög og kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Formaður dagskráráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á allri skátadagskrá BÍS, hefur umsjón með útgáfu og endurskoðun verkefna og annarra gagna er varða skátastarf, sem og framkvæmd sameiginlegra viðburða á vegum BÍS.
- Formaður fræðsluráðs, ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á fræðslustarfi BÍS, þ.m.t. gerð námsskrár og framkvæmd námskeiða.
- Formaður ungmennaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á starfi ungmennaráðs og þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.
- Formaður ungmennaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Formaður upplýsingaráðs ber ásamt ráðinu m.a. ábyrgð á samskiptum, útbreiðslu skátastarfs og almennatengslum BÍS við skáta, foreldra, almenning, önnur félagasamtök og opinbera aðila.

Greinin er að stofni til samhljóða 28. grein núgildandi laga. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar. Tillagan gerir ráð fyrir að formenn fastaráða beri ábyrgð á sínu sviði ásamt ráðinu. Aðstoðarskátahöfðingi fær ráð sér til aðstoðar sem kallað er félagsmálaráð. Þá er verkefnum formanna ungmennaráðs og upplýsingaráðs breytt lítillega. Auk þess er smávægileg orðalagsbreyting í fyrstu grein um sameiginlega ábyrgð stjórnar BÍS.

- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

Sameiginlega ber stjórn BÍŚ, ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, Grunnildir BÍŚ, lög og reglugerðir Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 29. grein

Stjórn BÍŚ kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍŚ þarf fyrir inngöngu BÍŚ í önnur samtök og félög. Stjórn BÍŚ skal leita staðfestingar næsta Skátaþings á slíkri aðild.

Stjórn BÍŚ ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu. Stjórn BÍŚ setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍŚ og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍŚ. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra.

### Tillaga laganefndar 2015:

#### 24. grein

Stjórn BÍŚ kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍŚ þarf fyrir inngöngu BÍŚ í önnur samtök og félög. Stjórn BÍŚ skal leita staðfestingar næsta Skátaþings á slíkri aðild.

Stjórn BÍŚ ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu. Stjórn BÍŚ setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍŚ og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍŚ. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 29. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 30. grein

Á vegum stjórnar BÍŚ starfa ávallt sex fastaráð: alþjóðaráð, dagskráráð, fjármálaráð, fræðsluráð, upplýsingaráð og ungmennaráð, sem skulu vera viðkomandi stjórnarmanni til ráðgjafar og aðstoðar. Skátaþing kýs árlega fjóra einstaklinga í hvert fastaráð til eins árs. Meðlimir sem bjóða sig fram í ungmennaráð þurfa að vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Stjórnarmenn BÍŚ eru formenn ráðanna og eru ábyrgir fyrir starfi þeirra og eru tengiliðir við stjórn BÍŚ.

### Tillaga laganefndar 2015:

#### 25. grein

Á vegum stjórnar BÍŚ starfa ávallt sjö fastaráð: alþjóðaráð, dagskráráð, félagsmálaráð, fjármálaráð, fræðsluráð, ungmennaráð og upplýsingaráð. Skátaþing kýs árlega fjóra einstaklinga í hvert fastaráð til eins árs. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð þurfa að vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Stjórnarmenn BÍŚ eru formenn ráðanna og tengiliðir þeirra við stjórn BÍŚ.

### Skýringar:

Greinin er nánast samhljóða 30. grein núgildandi laga. Eina breytingin er að ráðunum er fjölgað um eitt með stofnun félagsmálaráðs.



### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 31. grein

Reikningsár BÍŚ er almanaksárið. Reikningar BÍŚ skulu skoðaðir ár hvert af löggiltum endurskoðanda, kosnum árlega af Skátaþingi til eins árs í senn. Félagsleg skoðun reikninga er í höndum félagslegs skoðunarmanns sem Skátaþing kys árlega til eins árs í senn. Félagslegur skoðunarmaður reikninga má ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍŚ sem snerta fjármál. Hann ber ábyrgð gagnvart Skátaþingi og skal eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍŚ og er stjórninni skylt að veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli Skátaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til framhaldsþings sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 26. grein

Reikningsár BÍŚ er almanaksárið. Reikningar BÍŚ skulu skoðaðir ár hvert af löggiltum endurskoðanda, kosnum árlega af Skátaþingi til eins árs í senn. Félagsleg skoðun reikninga er í höndum félagslegs skoðunarmanns sem Skátaþing kys árlega til eins árs í senn. Félagslegur skoðunarmaður reikninga má ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍŚ sem snerta fjármál. Hann ber ábyrgð gagnvart Skátaþingi og skal eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍŚ og er stjórninni skylt að veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli Skátaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til framhaldsþings sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 31. grein núgildandi laga.

### Núgildandi lög BÍŚ, frá 2013

#### 32. grein

Fjárhagsgrundvöllur BÍŚ skal tryggður með fjárframlögum skátafélaga, styrktarfélaga, opinberra aðila og með fjáröflunum. Stjórn BÍŚ er heimilt að efna til fjáraflana ef þær krefjast ekki þátttöku almennra skáta í landinu. Fjáraflanir sem krefjast slíkrar þátttöku skulu samþykktar á Skátaþingi eða með skriflegri atkvæðagreiðslu félagsforingja og ræður meirihluti. Óheimilt er að veðsetja fasteignir BÍŚ nema að undangegnu einróma samþykki stjórnar BÍŚ

### Tillaga laganeftndar 2015:

#### 27. grein

Fjárhagsgrundvöllur BÍŚ skal tryggður með fjárframlögum skátafélaga, styrktarfélaga, opinberra aðila og með fjáröflunum. Stjórn BÍŚ er heimilt að efna til fjáraflana ef þær krefjast ekki þátttöku almennra skáta í landinu. Fjáraflanir sem krefjast slíkrar þátttöku skulu samþykktar á Skátaþingi eða með skriflegri atkvæðagreiðslu félagsforingja og ræður meirihluti. Óheimilt er að veðsetja fasteignir BÍŚ nema að undangegnu einróma samþykki stjórnar BÍŚ.

### Skýringar:

Greinin er samhljóða 32. grein núgildandi laga.

**Núgildandi lög BÍS, frá 2013**

**33. grein**

Skátaréttur er skipaður fimm mönnum: Skátaping kys formann til þriggja ára í senn. Þau ár sem formaður er ekki kosinn eru tveir kosnir hvort árið til þriggja ára í senn. Skátaréttur úrskurðar um deilumál þau sem skátar, skátafélög, eða stjórn BÍS kjósa að vísa til hans. Skáti getur óskað eftir því að skátaréttur fjalli um mál með því að snúa sér til formanns hans. Nánar um störf skátaréttar fer eftir reglugerð um Skátarétt.

Úrskurðir Skátaréttar eru endanlegir og skal stjórn BÍS, og eftir atvikum Skátaping, tryggja framgang þeirra. Úrskurðir Skátaréttar skulu birtir opinberlega.

**Tillaga laganeftndar 2015:**

**28. grein**

Skátaréttur er skipaður fimm mönnum: Skátaréttur er jafnframt siðanefnd skátahreyingarinnar. Skátaping kys formann til þriggja ára í senn. Þau ár sem formaður er ekki kosinn eru tveir kosnir hvort árið til þriggja ára í senn. Frambjóðendur skulu uppfylla ákvæði reglugerðar BÍS um hæfi skátaporingja og hafa náð 35 ára aldri. Ávallt skal amk einn sitjandi fulltrúi í Skátarétti hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Skátaréttur úrskurðar um deilumál þau sem skátar, skátafélög, eða stjórn BÍS kjósa að vísa til hans. Skáti getur óskað eftir því að skátaréttur fjalli um mál með því að snúa sér til formanns hans. Nánar um störf skátaréttar fer eftir reglugerð um Skátarétt. Skátaréttur starfar í samræmi við Grunnildir, lög og reglugerðir BÍS.

Úrskurðir Skátaréttar eru endanlegir og skal stjórn BÍS, og eftir atvikum Skátaping, tryggja framgang þeirra. Úrskurðir Skátaréttar skulu birtir opinberlega.

**Skýringar:**

Greinin er að stofni til samhljóða 33. grein núgildandi laga. Breytingarnar eru þær að bætt hefur verið inn ákvæði um að Skátaréttur sé jafnframt siðanefnd skátahreyingarinnar og einnig að Skátaréttur starfi í samræmi við Grunnildir, lög og reglugerðir BÍS. Ástæða breytingarinnar er helst sú að nú þegar BÍS hefur sett sér siðareglur sé nauðsynlegt fyrir stjórn BÍS og aðra aðila innan hreyfingarinnar að hafa sjálfstæðan aðila til að leita til með álitamála. Þá er bætt inn ákvæði um hæfi frambjóðenda.

**Núgildandi lög BÍS, frá 2013**

**34. grein**

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögsmætu Skátapingi.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði

Skal hún boða til auka-Skátapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Á aukapinginu skulu skátafélög eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á Skátapinginu sem afgreiddi tillöguna en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessara um Skátaping gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

**Tillaga laganeftndar 2015:**

**29. grein**

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögsmætu Skátapingi.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði.

Skal hún boða til auka-Skátapings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Ákvæði laga þessara um Skátaping skulu gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

**Skýringar:**

Greinin er nánast samhljóða 34. grein núgildandi laga. Eina breytingin er að út er tekið ákvæði um að skátafélög eigi rétt á sama fjölda þingfulltrúa á aukapinginu eins og á þinginu sem afgreiddi tillöguna.

<b>Núgildandi lög BÍS, frá 2013</b>	<b>Tillaga laganeftndar 2015:</b>	<b>Skýringar:</b>
<b>35. grein</b> Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátaþingi samþykki þá breytingu.	<b>30. grein</b> Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátaþingi samþykki þá breytingu. Auk þess þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátaþinga í röð til að breyta Grunnildum BÍS.	Greinin er samhljóða 35. grein núgildandi laga. Til viðbótar kemur ákvæði um að aukinn meirihluta tveggja þinga þurfi til að breyta Grunnildum BÍS.  Skátaþing hefur ekki tekið afstöðu til Grunnilda BÍS og því getur þessi grein tekið breytingum.
<b>Núgildandi lög BÍS, frá 2013</b>	<b>Tillaga laganeftndar 2015:</b>	<b>Skýringar:</b>
<b>36. grein</b> Lög BÍS, ásamt gildandi reglugerðum, skulu ávallt vera aðgengileg á heimasíðu BÍS	<b>31. grein</b> Lög BÍS og Grunnildi BÍS, ásamt gildandi reglugerðum, skulu ávallt vera aðgengileg á heimasíðu BÍS	Greinin er eins og 36. grein núgildandi laga að öðru leiti en því að bætt er inn orðunum Grunnildi BÍS. Hafa verður í huga að Skátaþing hefur ekki tekið afstöðu til Grunnilda BÍS og því getur þessi grein tekið breytingum.
<b>Núgildandi lög BÍS, frá 2013</b>	<b>Tillaga laganeftndar 2015:</b>	<b>Skýringar:</b>
<b>38. grein</b> Lög þessi eru sett á Skátaþingi 2011, breytt á Skátaþingi 2013 og öðlast þegar gildi.	<b>32. grein</b> Lög þessi eru sett á Skátaþingi 2015 og öðlast þegar gildi.	Greinin er sambærileg við 38. grein núgildandi laga.
<b>Núgildandi lög BÍS, frá 2013</b>	<b>Tillaga laganeftndar 2015:</b>	<b>Skýringar:</b>
<b>37. grein</b> Skátafélög sem við setningu laga þessara eru aðilar að BÍS halda þeirri stöðu sinni. Þau skulu innan tveggja ára hafa aðlagð lög sín og starfsemi lögum þessum.		Verði þessi lagabreytingatillaga að lögum fellur niður núgildandi 37. grein þar sem hún var sett til bráðabirgða og ákvæði hennar er orðið úrelt.